

Upplýsingar um BREYTINGASKOÐUN

BREYTINGASKOÐUN 1 er framkvæmd ef breytingar eru gerðar samkvæmt fyrirmælum framleiðanda ökutækis eða þær hafa ekki áhrif á aksturseiginleika og akstursöryggi. Einnig ef um notkunarflokksbreytingar er að ræða.

- BT** Úttekt á tengibúnaði.
- BS** Farþegafjöldabreytingar á öðrum en hópþílum.
- BV** Breytingar á hreyfilgerð og stærð.

- NA** Breyting í almenna notkun (úr öðrum notkunarflokkum).
- NH** Breyting í fólksbifreið sem sérþúin er til íbúðar (húsbíl).
- NK** Breyting í ökutæki til ökukennslu.
- NL** Breyting í fólksbifreið til leiguaksturs (leigubíl).
- NN** Breyting í ökutæki til neyðaraksturs (lögregla, sjúkrabíll, slökkviliðsbíll).
- NR** Breyting í bifreið til rallaksturs.
- NS** Breyting í bifreið til skólaaksturs (skólabíll).
- NV** Breyting í VSK bifreið.

Áskilin gögn

- Vigtarseðill frá löggiltri vog fyrir bifreiðina með fullan eldsneytistank skal fylgja í tilfellum BS, BV, NH, NV, NR, og NA þegar breytt er úr NH eða NR.
- BV: Gögn, samþykkt af Samgöngustofu, um slagrymi og afköst hreyfils.

BREYTINGASKOÐUN 2 er framkvæmd ef breytingar eru gerðar samkvæmt fyrirmælum framleiðanda ökutækis eða þær hafa ekki áhrif á aksturseiginleika og akstursöryggi. Einnig ef um ökutækjaflokksbreytingar er að ræða. Þessar breytingar eru merktar þannig (sbr. Skoðunarhandbók):

- BA** Breytingar á ásum (fjöldi eða gerð). Þetta á aðallega við um vörubifreiðir, en einnig aðrar bifreiðir þegar fyrirmæli framleiðanda fylgja.
- BF** Farþegafjöldabreytingar í hópþifreið.
- BG** Grindarbreytingar vörubifreiða (gerðar skv. fyrirmælum framleiðanda).
- BY** Yfirbygging vörubifreiða (festar á grind skv. fyrirmælum framleiðanda).

- ÖF** Breyting á ökutækjaflokki yfir í fólksbifreið.
- ÖH** Breyting á ökutækjaflokki yfir í hópþifreið.
- ÖS** Breyting á ökutækjaflokki yfir í sendibifreið.
- ÖV** Breyting á ökutækjaflokki yfir í vörubifreið.

Áskilin gögn

- Vigtarseðill frá löggiltri vog fyrir bifreiðina með fullan eldsneytistank.
- BA: Gögn, samþykkt af Samgöngustofu, um burðartölur fjaðrabúnaðar, burðargetu ása, tegund ása, aðferðir við samsetningu grindar, og festingu ása við grind (eftir því sem við á um breytinguna).
- BF: Teikningar, samþykktar af Samgöngustofu, um sætaskipan (sjá uppl.blöð á heimasíðu Samgöngustofu).
- BG: Gögn, samþykkt af Samgöngustofu, um aðferðir við samsetningu grindar.
- BY: Gögn um festingar yfirbygginga við grind (sjá upplýsingablað BSK 2.516).

Upplýsingar um SÉRSKOÐUN

SÉRSKOÐUN er framkvæmd ef bifreið hefur verið breytt í veigamiklum atriðum frá upprunalegri útfærslu framleiðanda og ekki eru til leiðbeiningar framleiðanda þar að lútandi. Bifreiðin verður að skoðun lokinni skráð “Breytt (torfæru)bifreið”. Veigamikil atriði teljast:

- **Ásar:** Allar gerðar- og fjöldabreytingar (á ekki við um vörubifreið því þá þarf leiðbeiningar framleiðanda, sjá Breytingaskoðun 2).
- **Fjaðrir:** Allar gerðarbreytingar, viðbætur og úfærslubreytingar (sjá þó neðangreindan texta um heimilar hæðarbreytingar).
- **Grind og yfirbygging:** Allar lengdarbreytingar á grind og sjálfberandi yfirbyggingu þannig að breyting verður á hjólhafi (á ekki við um vörubifreið því þá þarf leiðbeiningar framleiðanda, sjá Breytingaskoðun 2).
- **Allar hæðarbreytingar** (sjá þó texta að neðan um hæðarbreytingar). Allar styrkleikabreytingar berandi hluta.
- **Hemlar:** Allar breytingar á hemlabúnaði.
- **Hjól:** Allar stærðarbreytingar umfram 10% frá skráðri stærð.
- **Stýrisbúnaður:** Allar útfærslubreytingar og viðbætur.

Heimilar hæðarbreytingar: Heimilt er að auka bil milli yfirbyggingar og ása (milli fjaðra og ása og/eða húss og grindar) þannig að ökutæki hækki um 5 cm án þess að skoðunar sé krafist.

Áskilin gögn

- Vottorð yfir alla smíðaða hluti í stýrisgangi.
- Vigtarseðill frá löggiltri vog fyrir bifreiðina með fullan eldsneytistank.
- Hjólastöðuvottorð frá viðurkenndu verkstæði (sjá US 355).
- Staðfesting hraðamælis frá skoðunarstofu (sjá US139)

NOKKUR MIKILVÆG ATRÍÐI VEGNA SÉRSKOÐUNAR

- Slökkvitæki (slökkvímáttur a.m.k. 2 kg duft) í festingu. Dufttæki sé úttekið innan árs og þrýstingsmælir á halontæki sýni fullan þrýsting.
- Sjúkrakassi, sem viðurkenndur er fyrir breytta bifreið (sjá sérstakt upplýsingablað, BSK 2.504).
- Koma til skoðunar á stærstu hjólbörðum sem notaðir eru undir bifreiðina.
- Brettakantar og aurhlífar eiga að hylja sóla hjólbarða.
- Hámarkshækkun breyttra torfærubifreiða má mest vera þessi (gildir fyrir Sérskoðun):
 - 50 mm milli framáss og blaðfjaðra
 - 100 mm milli framáss og annarra fjaðra en blaðfjaðra
 - 100 mm milli húss og grindar
 - 200 mm milli hjólmiðju og grindar.
 - Heildarhækkun má vera allt að 250 mm. Til viðbótar getur komið hækkun vegna hjólbarða.
- Staðfesting hraðamælis: (US139) ökutækið er mælt og staðfestingin gefin út af skoðunarstofu. Venjulega er þetta gert um leið og breytingaskoðunin á sér stað.
- Ljós rétt stillt og rétt tengd:
 - Þokuljós tengd um eigin rofa þannig að þau geti ekki logað nema stöðuljós logi einnig.
 - Ljóskastarar breyttra bifreiða mega vera tengdir um eigin rofa með gaumljósi þannig að þau geti ekki logað nema stöðuljós logi einnig.
 - Aukaháljós tengd með áskildum háljósum.

Upplýsingar um viðurkennda aðila til útgáfu ýmissa vottorða, svo sem vigtarseðla oghjólastöðuvottorða, fást hjá starfsfólki ökutækjasviðs Frumherja hf.